

Skýrsla stjórnar 2019

Starfsár Neista 2019 fór vel fram og almennt var iðkun og þátttaka á sviði íþróttanna og félagsmála góð. Ýmsar breytingar voru hjá félaginu á árinu bæði í stjórn og stöðu framkvæmdastjóra.

Þann 24. febrúar 1919 var Ungmennafélagið Neisti stofnað og þann 24. febrúar 2019 var 100 ára afmælinu fagnað með pompi og prakt. Sérstök afmælisnefnd var mynduð úr ötulum neistaliðum sem hafa séð fyrir hinum ýmsu viðburðum allt afmælisárið.

- Framleiddir svartir Neistabolir í anda fyrstu neistatreyjunnar og seldir í tilefni afmælisins
- Ýmis annar varningur, handklæði, sundpokar og brúsar pantaðir og seldir. (enn er eitthvað til)
- Afmælisveisla haldin á Hótelinu á afmælisdaginn 24. Febrúar
- Neistasýning sett upp á afmælisdaginn þar sem myndir, myndbönd, gamlir búningar, verðlaunagripir og ýmislegt fleira var til sýnis.
- Saga Neista var tekin saman, fyrsti hluti hefur verið birtur í Bóndavörðunni. Fyrirhugað er að binda hana inn og láta vera aðgengilega á völdum stöðum.
- Samkeppni var haldin um nafn á gamla golfskálann, dómnefnd valdi nafnið Neisti og var nafnið kynnt í afmælisveislunni.
- Sleðadagur var haldinn í Neistabrekkunni 27. janúar, Björgunarsveitin á staðnum, kakó, dúndrandi tónlist og stuð.
- Djúpvogsdeildin, knattspyrnumót sem stóð yfir s.l. sumar þar sem Hnaukabúið fór með sigur af hólmi. Mjög vel heppnað mót sem fyrirhugað er að hafa á hverju ári.
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson kom og var með fyrirlestur á Hótelinu í mars.
- Sjófundur var í apríl þegar Hammondhátíð fór fram.
- Boðið var upp á ungbarnasundnámskeið í nóvember
- Á dögum myrkurs sá afmælisnefndin um Faðirvorahlaupið og tók þátt í að skipuleggja slökunarsund og ljósasund.
- Gamlárshlaupið var í höndum afmælisnefndarinnar
- Skautadagur í janúar, kakó og dúndrandi tónlist.

Sótt var um styrki til að gera þessa viðburði mögulega þökkum við þeim kærlega fyrir. Von er til að margt af þessu verði að föstum viðburðum og þakkar Neisti afmælisnefndinni fyrir vel unnin störf.

Aðalfundur Neista var haldinn 28. mars. Þar buðu sig fram allir úr fráfarandi stjórn til áframsetu og tveir í viðbót buðu sig fram.

Um Hammondhátíð í apríl var Edrúlifið á vegum Neista og sem fyrr sá Pálmi um utanumhald á þeim viðburði. Fjarðarál styrkti viðburðinn um 145.000kr.

Neisti tók þátt í alþjóðlegri hreyfiviku um mánaðarmótin maí/júní og var boðið upp á fjölbreytta dagskrá. M.a. sjófundur, yoga fyrir börn og fullorðna, gönguferðir og slökun.

Ævintýranámskeið og æfingar hófust í júní og þá var aðstaðan í Neista notuð í fyrsta skipti. Húsnæðið hentaði vel fyrir starfsemina og flott að vera komin með fastan samastað fyrir sumarstarfið. William Óðinn sá um ævintýranámskeiðið, Auður sá um frjálsar og fótbolta, Hera Líf var með sundið og Kristófer Dan og Jens voru með fótboltaakademíu fyrir 10 ára og eldri.

Neisti stóð fyrir hátíðarhöldum 17. júní. Fastir liðir og hátíðin fór vel fram.

Neisti fór á ýmis mót á árinu og ber þar helst að nefna Sumarhátíð UÍA. Eins átti Neisti fulltrúa á mörgum íþróttamótum og voru foreldrar sem fylgdu sínum.

Það skiptir máli að vera með gott samstarf við annað íþróttafélag. Búið er að skrifa undir Samstarfssamning við Sindra á Höfn og bindum við vonir við að það eigi eftir að efla fótboltann hér og gefi iðkendum tækifæri á að fara á fleiri mót.

Spurningakeppni Neista var haldinn 11.-23. nóvember. Fór hún mjög vel fram og liðin stóðu sig vel, Djúpavogshreppur fór með sigur af hólmi.

Þann 30. nóvember var haldið innanfélagsmót í sundi í tilefni af 100 ára afmælinu. 6 ára og uppúr var boðið að taka þátt. Fór það mjög vel fram og þátttaka góð.

Sem fyrr aðstoðaði Neisti Jólaveina við pakkamóttöku og úthlutun. Það hefur verið í verkahring Neista að sjá um áramótabrennu en sökum veðurs var henni aflýst þetta árið.

Starfsemi íþróttafélags í litlu samfélagi getur verið krefjandi og ekki hægt að bjóða upp á allt sem við viljum. En við stöndum í þeirri trú að það hefur tekist vel til og iðkendur ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Við rákum okkur á við gerð neistatöflu að börnin eru orðin svo mörg að það rétt dugar að hafa tíma frá eitt til fjögur. Guðmundur Helgi er búinn að standa sig vel í að halda utan um stóra hópa en ljóst er að það þarf eitthvað að endurskoða æfingar fyrir næsta vetur.

Við höfum stært okkur af því að hafa samfellu í æfingum strax eftir skóla og hugað að því að börn í sveitum nái einhverjum æfingum en það er alls ekki svo í öllum sveitarfélögum. Æfingum hefur verið aldursskipt og eru blandaðir sem getur skapað það að getumunur er á milli iðkenda, þá sérstaklega í fótboltanum.

Til að starfsemi Neista virki þá þarf aðstoð. Okkar helsti styrktaraðili er Djúpavogshreppur, án framlags frá hreppnum væri starfsemin eins og hún er í dag ekki gerleg. Neisti þakkar Djúpavogshrepp fyrir og vonast eftir áframhaldandi stuðningi frá sameiginlegu sveitarfélagi. Einnig notum þetta tækifæri til að þakka öðrum styrktaraðilum og velunnurum fyrir stuðninginn. Þá sérstaklega Búlandstindi sem er aðalstyrktaraðili okkar, ásamt Landsbankanum og búið er að skrifa undir styrktarsamning við Fiskeldi Austfjarða sem ætlar að styrkja Neista duglega næstu þrjú árin.

Neisti er öflugt félag miðað við stærð en það myndi aldrei virka nema fyrir öfluga Djúpavogsbúa sem láta sig starfsemina varða og aðstoða þegar þarf.

Áfram Neisti!!

Ársreikningur Neista 2019:

- Laun og launatengd gjöld er upphæð sem gefin er út frá Djúpavogshreppi sem styrkur til Neista, greiðir laun framkvæmdastjóra og þjálfara.
- Húsaleigustyrkur er vegna notkunar Íþróttamiðstöðvar.
- Sundurliðun styrkja, skipta um glæru.
- Tekjur vegna getrauna og lottó eru svona lágar vegna þess að lottóið fyrir 2019 kom ekki inn fyrr en í apríl 2020, rúmlega 355þ.kr.
- Styrkur frá KSÍ fyrir starfsárið 2019 kom inn í janúar 2020
- Mikil sala á neistavarningi, bolir, handklæði ofl. Eins er inni í þessari tölu sala á fiski v/fjáröflunar.

Rekstrarreikningur

1. janúar 2019 - 31. desember 2019



Tekjur

		2019	2018
Styrkir	Launastyrkur Djúpavogshreppur	6,006,539	7,643,901
	Húsaleigustyrkur Djúpavogshreppur	529,200	529,200
	Styrkir	1,694,073	344,000
	Getraunir og Lotto	13,314	223,468
Samtals styrkir		8,243,126	8,740,569

Æfingagjöld	Yngri flokkar, sund og frjalsar	2,630,050	1,622,050
	Ævintýranámskeið	382,500	315,750
Samtals æfingagjöld		3,012,550	1,937,800

Aðrar tekjur	Sala á Neistavarningi og fjáröflun	1,851,298	
	Leiga á Neista	15,000	
	Bingó - spilavist o.fl.	312,050	539,393
	Sjálfboðaliðar unglíngalandsmót 2017		160,977
	KSÍ		500,000
	Jólapakkar og brenna	100,000	50,000
	Æfingabúðir og námskeið	165,000	114,000
	Félagsgjöld	129,500	147,000
	Vaxtatekjur	24,869	29,523
Samtals aðrar tekjur		2,597,717	1,540,893

Tekjur samtals		13,853,393	12,219,262
-----------------------	--	-------------------	-------------------

Gjöld

Tímar í ÍMD	Laun og launatengd gjöld	6,006,539	7,643,901
	Húsaleiga	2,646,000	2,646,000
	Flutningskostnaður	15,322	9,438
	Ferðakostnaður	89,785	50,000
	Vörukaup fjáröflun	715,557	209,368
	Þátttökugjöld á mótum	426,250	152,800
	Ýmis kostnaður sund/frjalsar	320,225	241,450
	Ýmis kostnaður fótbolti	194,189	1,000
	Ýmis kostnaður allra deilda	181,597	424,995
	Ýmis kostnaður annað	782,597	123,909
	Rafmagn og hiti	206,364	25,271
	Ýmis kostnaður Neisti (hús)	138,050	12,726
	Bankakostnaður	15,564	13,780
	Fyrningar sundpallar 2013-2018	90,356	189,487
	Vaxtagjöld		7,518

Gjöld samtals		11,828,395	11,751,643
----------------------	--	-------------------	-------------------

Hagnaður ársins		1,711,188	467,619
------------------------	--	------------------	----------------

Efnahagsreikningur
31. desember 2019



Eignir

	Nr. bókar	2019	2018
Aðalstjórn	4040	2,698,919	1,422,045
Yngri flokkar	60415	40,499	21,461
Sund og frjálzar	849	106,729	106,547
Fjáröflun	200034	311,584	
Sundpallar		632,493	542,137
Viðskiptakröfur		103,500	705,550
Eignir samtals		3,261,241	2,797,740

Skuldir

Ógreiddir reikningar		470,400
Skuldir samtals		470,400

Eigið fé

Eigið fé 1. janúar 2019	1,550,053	1,859,721
Hagnaður ársins	1,711,188	467,619
Skuldir og eigið fé samtals 31.12.2019	3,261,241	2,797,740